

## AUGLÝSING

### um umferð í Mosfellsbæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar hefur verið ákveðið að stöðvunarskylda verði á Langatanga fyrir umferð um Skeiðholt.

Ákvörðun þessi tekur gildi 1. nóvember 2003.

*Reykjavík, 27. október 2003.*

**Ingimundur Einarsson** varalögreglustjóri.

## GJALDSKRÁ

### fyrir búfjárefirlit í Eyjafjarðarsveit.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst., er kr. 5.000.

2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. skal vera kr. 5.000 á tímaeiningu.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanna sbr. 1. og 2. gr. skal greiddur af umráðamanni hlutaðeigandi búfjár. Kostnaður á hvern ekinn km miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1. og 2. gr.

4. gr.

Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins ár hvert.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt hefur verið við tvær umræður af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar, er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. og staðfestist hér með af ráðherra til að öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 28. október 2003.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Atli Már Ingólfsson.*